

HV 2020-16
ISSN 2298-9137



HAF- OG VATNARANNSÓKNIR

MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

Vöktunarrannsóknir og viðmiðunarmörk hrygningar í
Langá á Mýrum

Sigurður Már Einarsson, Jóhannes Guðbrandsson og
Ásta Kristín Guðmundsdóttir

REYKJAVÍK APRÍL 2020

Vöktunarrannsóknir og viðmiðunarmörk hrygningar í Langá á Mýrum

Sigurður Már Einarsson, Jóhannes Guðbrandsson og
Ásta Kristín Guðmundsdóttir

Skýrslan er unnin fyrir Veiðifélag Langár

Upplýsingablað

Titill: Vöktunarrannsóknir og viðmiðunarmörk hrygningar í Langá á Mýrum		
Höfundur: Sigurður Már Einarsson, Jóhannes Guðbrandsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir		
Skýrsla nr. HV 2019-16	Verkefnisstjóri: Sigurður Már Einarsson	Verknúmer: 8944
ISSN 2298-9137	Fjöldi síðna: 35	Útgáfudagur: 16. mars 2020
Unnið fyrir: Veiðifélag Langár	Dreifing: Opin	Yfirfarið af: Magnús Jóhannsson

Ágrip

Umfangsmikil vöktun er á laxastofni Langár á Mýrum. Nákvæmar upplýsingar liggja fyrir um stangaveiði (1974 – 2019), veiðihlutfall með talningu á stærð laxagöngunnar við Skuggafoss (2008 – 2019) og Sveðjufoss (2000 – 2019) auk stofnstærð og nýliðun seiða (1986 – 2019). Slíkar upplýsingar hafa marghátuð gildi, einkum til að meta sjálfbærni laxastofnsins með því að áætla þann hrognafjölda sem þarf til að hámarka gönguseiðaframleiðslu á búsvæðum árinna. Þar er athugað samband hrygningar og seiðapétteleika sumruna (0+) og vetrunga (1+) sem og samband hrygningar við heildarhrognfjölda afkomenda. Notað var Ricker fall til að kanna eftirfarandi sambönd: á milli hrognafjölda að hausti og pétteleikavísitölu sumargamalla seiða (0+) árið eftir; milli hrognafjölda að hausti og pétteleikavísitölu veturgamalla seiða (1+) tveimur árum síðar; á milli pétteleika sumargamalla seiða (0+) og veturgamalla seiða (1+) árið eftir út frá seiðagögnum sem safnað var árin 1986 – 2019 og milli hrognapétteleika og áætlaðs hrognapétteleika afkomenda. Greiningin fór fram bæði fyrir Langá alla þar sem gert var ráð fyrir föstu veiðihlutfalli (50% smálax, 70% stórlax) og á svæðinu fyrir ofan Sveðjufoss þar sem veiðihlutfallið er þekkt. Við þessa vinnu voru skilgreind æskilegt mörk hrygningar, aðgerðarmörk og varúðarmörk.

Byggt á föstu veiðihlutfalli var hámarks nýliðun (S_{Rmax}) metin 7,96 hrogn/m² miðað við pétteleika vetrunga (1+) og 8,29 hrogn/m² miðað við hrognafjölda afkomenda, en hámarksafkastur við 4,54 hrogn/m². Á þessum grunni var hrygningarmarkmið fyrir Langá skilgreint 8 hrogn/m² og aðgerðarmörk við 4,87 hrogn/m². Miðað við fast veiðihlutfall hefur Langá frá 1974 verið 4 sinnum yfir hrygningarmarkmiði, 13 sinnum milli hrygningarmarkmiðs og aðgerðarmarkmiðs, 27 sinnum milli aðgerðarmarkmiðs og varúðarmarkmiðs og 2 sinnum undir varúðarmörkum. Seinustu 10 ár hefur hrognapétteleiki tvisvar verið undir varúðarmörkum (2014 og 2019), 4 sinnum milli varúðarmarkmiðs og aðgerðarmarkmiðs og 4 sinnum milli aðgerðarmarkmiðs og hrygningarmarkmiðs. Á sama hátt má skilgreina pétteleikamarkmið fyrir vetrunga sem 24,5 seiði/100m² og aðgerðarmörk sem 14,9 seiði/100m².

Ofan Sveðju er mat á seiðapétteleika mun áreiðanlegra. Sú hrygning sem gefur hámarksnýliðun vetrunga var metin 6,54 hrogn/m² með beinu sambandi og 5,16 hrogn/m² með tveggja skrefa

aðferð (tafla 16). Því er lagt til að hrygningarmarkmið ofan við Sveðju verði 6 hrogn/m², aðgerðamörk við 3,65 hrogn/m² og varúðarmörk við 1,39 hrogn/m². Síðan talningar hófust í Sveðjufossi hefur hrygning einu sinni farið undir varúðarmörk (2014), fimm sinnum verið á milli varúðar- og aðgerðarmarka (2000–2002, 2012 og 2019) en annars yfir aðgerðarmörkum.

Frá síðustu aldamótum hefur hrygning og nýliðun laxaseiða aukist verulega í Langá á Mýrum. Undanfarin 20 ár hefur hrygningin líklega verið flest ár verið yfir aðgerðamörkum þar sem upplýsingar úr teljurum og seiðapéttleiki bendir til að hrognapéttleiki hafi verið vanmetin seinustu ár ef miðað er við fast veiðihlutfall í allri ánni. Almenn tæla niðurstöður til að veiðistjórnun Langár sé í góðu horfi og laxastofn árinna sé að öllu jöfnu sjálfbær. Þær breytingar sem gerðar hafa verið á veiðifyrirkomulagi, þar sem nú er eingöngu leyfðar veiðar á flugu og aukin áhersla er á sleppingar í veiðinni, hefur haft jákvæð áhrif á stærð hrygningarstofnsins og aukið fiskgengd í ána. Hafa ber í huga að þegar endurheimtur úr sjó eru lélegar eins og raunin var sumarið 2019 (og 2014) þarf að sleppa öllum hrygnum til að ná ásættanlegum hrognafjölda. Búast má við að í kjölfar lítillar hrygningarstofns haustið 2019 varði sá árgangur ekki stór en hvaða áhrif það hefur til framtíðar fer eftir því hvernig næstu árgangar verða. Seiðapéttleiki í Langá bendir til að stór árgangur hafi gengið út vorið 2019 og að svo verði einnig vorið 2020.

Lykilorð: Langá, lax, stangaveiði, fiskteljarar, hrygning, nýliðun, hrygningarmarkmið

Undirskrift verkefnisstjóra:



Undirskrift forstöðumanns sviðs:



Efnisyfirlit	Bls.
Inngangur	1
Aðferðir	1
Niðurstöður.....	3
<i>Stangaveiðin</i>	3
<i>Göngur um fiskteljara</i>	3
<i>Hrygning laxa</i>	4
<i>Hreisturathuganir</i>	5
<i>Seiðarannsóknir</i>	5
<i>Samband hrygningar og nýliðunar</i>	6
Umræður	7
Þakkarorð	9
Heimildir	10
Ritaskrá	11
Töflur.....	12
Myndir	18
Viðaukar	30

Töfluskrá

Tafla 1. Stangveiðin í Langá 2019 skipt eftir tegundum. Laxi er skipt eftir sjávaraldri. Fjöldi og hlutdeild fiska sem sleppt var (veitt og sleppt) er sýnd.	12
Tafla 2. Fjöldi (N) og meðalþyngd (MÞ) laxa úr stangveiði 2019 í Langá skipt eftir kynjum og sjávaraldri.	12
Tafla 3. Fjöldi og hlutfall (%) stangveiddra laxa eftir svæðum í Langá árið 2019.....	12
Tafla 4. Göngur laxfiska um fiskteljara við Skuggafoss og Sveðjufoss í Langá á Mýrum sumarið 2019.	12
Tafla 5. Nettógöngur silunga, eins árs laxa (smálaxa) og tveggja ára laxa (stórlaxa) upp fyrir fiskteljara við Skuggafoss og Sveðjufoss í Langá árið 2019.	13
Tafla 6. Laxagöngur, veiði og veiðihlutfall í Langá ofan við Skuggafoss 2008 – 2019. Hluti göngunnar fer framhá teljaranum og veiðihlutfall er því í raun lægra.	13
Tafla 7. Laxagöngur, veiði og veiðihlutfall í Langá ofan við Sveðjufoss 2000 – 2019.....	14
Tafla 8. Aldurssamsetning og kynjahlutfall laxa samkvæmt greiningu hreistursýna úr laxveiðinni í Langá árið 2019. Laxar sem höfðu hrygnt áður eru undanskildir.	14
Tafla 9. Aldurssamsetning og kynjahlutfall laxa sem höfðu hrygnt áður samkvæmt greiningu hreistursýna úr laxveiðinni í Langá árið 2019.	14
Tafla 10. Fjöldi laxa samkvæmt hlutdeild í hreistursýnum eftir klakárgöngum í Langá árið 2019, eftir uppruna og fjölda hrygningarganga.	15

Tafla 11. Þéttleiki (seiðavísitala) ferskvatnsfiska í Langá á Mýrum 20. – 21. ágúst 2019.	15
Tafla 12. Meðallengd (ml), fjöldi (n) og staðalfrávik (sd) laxaseiða í Langá á Mýrum 20. – 21. ágúst 2019.	15
Tafla 13. Holdastuðull laxaseiða eftir aldurshópum í Langá 2019.	15
Tafla 14. Mat á viðmiðunarmörkum hrognafjölda og seiðapéttleika hjá laxi fyrir alla Langá. Sýnt er miðgildi, meðaltal og staðalfrávik (SD) eftirádreifingar auk hlutfallsmarka. Sýnd er sú hrygning sem gefur hámarksnýliðun (S_{Rmax}) þegar nýliðun er metin sem vísitala vorgamalla seiða (H0), vísitala veturgamalla seiða (H1), vísitala veturgamalla seiða með tveggja skrefa aðferð, það er með vorgömul seiði sem milliskref (H01) og nýliðun sem fjöldi hrognafkomenda (HH). Sú hrygning sem gefur hámarkafrakstur (S_{msyHH}) er einnig sýnd. Samband vor- og veturgamalla seiða var einnig kannað og sýnd er sú vísitala vorgamalla seiða sem gefur hámarkspéttleika veturgamalla (S_{Rmax01}) og hámarkið sjálft (R_{max}).	16
Tafla 15. Viðmiðunarmörk fyrir alla Langá metin í þéttleika hrognafjölda, heildarfjölda hrognafjölda hrygna og fjölda laxa af báðum kynjum.	16
Tafla 16. Mat á viðmiðunarmörkum hrognafjölda og seiðapéttleika hjá laxi fyrir Langá ofan við Sveðjufoss. Sýnt er miðgildi, meðaltal og staðalfrávik (SD) eftirádreifingar auk hlutfallsmarka. Sýnd er sú hrygning sem gefur hámarksnýliðun (S_{Rmax}) þegar nýliðun er metin sem vísitala vorgamalla seiða (H0), vísitala veturgamalla seiða (H1) og vísitala veturgamalla seiða með tveggja skrefa aðferð, það er með vorgömul seiði sem milliskref (H01). Samband vor- og veturgamalla seiða var einnig kannað og sýnd er sú vísitala vorgamalla seiða sem gefur hámarkspéttleika veturgamalla (S_{Rmax01}) og hámarkið sjálft (R_{max}).	17
Tafla 17. Viðmiðunarmörk fyrir Langá ofan við Sveðjufoss metin í þéttleika hrognafjölda, heildarfjölda hrognafjölda hrygna og fjölda laxa af báðum kynjum.	17

Myndaskrá

1. mynd. Vatnasvæði Langár á Mýrum. Rafveiðistaðir eru sýndir með númerum. Örvar vísa á hvar fossar eru og við Skuggafoss og Sveðjufoss eru fiskteljarar.	18
2. mynd. Laxveiði í Langá 1974 – 2019 skipt í landaðan afla (rauðar súlur) og lax sem sleppt er aftur í veiðinni (grænar súlur) og meðalveiði tímabilsins 1974 – 2018 (lárétt lína).	19
3. mynd. Hlutdeild laxa eftir sjávaraldri úr hverjum árgangi sjógönguseiða í Langá 1973 – 2017.	19
4. mynd. Fjöldi fiska sem gekk daglega upp (upp-niður) um teljara í fiskvegi við Skuggafoss í Langá árið 2019, skipt í silung (bláar súlur), smálax (grænar súlur) og stórlax (gular súlur). Ljósblá lína sýnir vatnshita (°C) á 3 klst fresti.	20
5. mynd. Fjöldi fiska sem gekk daglega upp (upp-niður) um teljara í fiskivegi við Sveðjufoss í Langá sumarið 2019, skipt í silung (bláar súlur), smálax (grænar súlur) og stórlax (gular súlur). Ljósblá lína sýnir vatnshita (°C) á 3 klst fresti.	20
6. mynd. Tengsl veiðihlutfalls (%) og laxagöngunnar ofan Sveðjufoss í Langá árin 2000 – 2019. Rauðir hringir sýna árin 2015 – 2019.	20
7. mynd. Áætlaður laxahrognafjöldi/m ² og meðalhrognafjöldi tímabilsins (lárétt lína) í Langá á Mýrum 1974 – 2019.	21
8. mynd. Hrognapéttleiki (laxahrogn/m ²) í Langá ofan við Sveðjufoss. Bæði er sýnt mat með upplýsingum úr teljara (blágrænar súlur) og þegar gert er ráð fyrir föstu veiðihlutfalli (50% á smálaxi og 70% á stórlaxi, rauðar súlur).	21

9. mynd. Seiðavísitala Langár eftir aldurshópum laxa, 0+ til 3+, árin 1986 – 2019 og meðaltal 1986 – 2018 (græn lína). Klakár 2015 er sýnt (rauðar súlur). Athugið mismunandi vægi á Y-ás.	22
10. mynd. Meðallengdir laxaseiða (0+ til 3+) í Langá 1986 – 2019. Meðaltal 1986 – 2018 er sýnt með rauðri línu.	22
11. mynd. Lífmassi laxaseiða (g/100 m ²) í Langá eftir aldri 1986 – 2019. Meðaltal (lárétt lína).	23
12. mynd. Samband seiðapétteleika laxasumruna og hroгна í allri Langá. Ekki voru marktæk pétteleikaáhrif. Ricker-fall er sýnt með svartri línu og 50% öryggissvæði fyrir meðalsambandi með dökkgráum lit og 95% öryggissvæði með ljósgráum.	23
13. mynd. Samband seiðapétteleika laxavetrunga og hroгна í allri Langá. Beint samband með Ricker-falli er sýnt með svartri línu. Sambandið með tveggja skrefa aðferð er sýnt með blárri línu og 50% öryggissvæði fyrir meðalsambandi með dökkbláum lit og 95% öryggissvæði með ljósbláum. 50% öryggismörk fyrir S_{Rmax} eru við x-ás og fyrir R_{max} við y-ás.	24
14. mynd. Samband nýliðunar í hrognafjölda afkomenda og hroгна hjá laxi í allri Langá. Ricker-fall er sýnt með svartri línu og 50% öryggissvæði fyrir meðalsambandi með dökkgráum lit og 95% öryggissvæði með ljósgráum. 50% öryggismörk fyrir S_{Rmax} eru við x-ás og fyrir R_{max} við y-ás. Sýnd eru 50% öryggismörk fyrir S_{msy} með rauðu.	24
15. mynd. Samband seiðapétteleika sumruna og vetrunga hjá laxi í allri Langá. Ricker-fall er sýnt með svartri línu, 50% öryggissvæði sambandsins með dökkgráum lit og 95% öryggissvæði með ljósgráum.	25
16. mynd. Hrognapétteleiki metinn út frá laxveiði í Langá 1974 – 2019. Græna svæðið er þegar pétteleiki er ofan við hrygningarmarkmið. Gula þegar hrognapétteleiki er ofan við aðgerðarmörk en undir hrygningarmarkmiði, rauða milli aðgerðarmarka og varúðarmarka og gráa þegar hrygning er undir varúðarmörkum.	25
17. mynd. Meðalseiðapétteleiki sumruna af hrygningarárgöngum laxa árin 1985 – 2018 í Langá. Græna svæðið er þegar pétteleiki er ofan við pétteleikamarkmið. Gula þegar pétteleiki er ofan við aðgerðarmörk en undir pétteleikamarkmiði, rauða milli aðgerðarmarka og varúðarmarka og gráa þegar pétteleiki er undir varúðarmörkum.	26
18. mynd. Meðalseiðapétteleiki vetrunga af hrygningarárgöngum laxa árin 1984 – 2017 í Langá. Græna svæðið er þegar pétteleiki er ofan við pétteleikamarkmið. Gula þegar pétteleiki er ofan við aðgerðarmörk en undir pétteleikamarkmiði, rauða milli aðgerðarmarka og varúðarmarka og gráa þegar pétteleiki er undir varúðarmörkum.	26
19. mynd. Samband seiðapétteleika sumruna og hroгна laxa í Langá ofan við Sveðjufoss. Ricker-fall er sýnt með svartri línu og 50% öryggissvæði fyrir meðalsambandi með dökkgráum lit og 95% öryggissvæði með ljósgráum. 50% öryggismörk fyrir S_{Rmax} eru við x-ás og fyrir R_{max} við y-ás.	27
20. mynd. Samband seiðapétteleika vetrunga og hroгна hjá laxi í Langá ofan við Sveðjufoss. Beint samband með Ricker-falli er sýnt með svartri línu og 50% öryggissvæði fyrir meðalsambandi með dökkgráum lit og 95% öryggissvæði með ljósgráum. Sambandið með tveggja skrefa aðferð er sýnt með blárri línu. 50% öryggismörk fyrir S_{Rmax} eru við x-ás og fyrir R_{max} við y-ás.	27
21. mynd. Samband seiðapétteleika sumruna og vetrunga hjá laxi í Langá ofan við Sveðjufoss. Ricker-fall er sýnt með svartri línu, 50% öryggissvæði sambandsins með dökkgráum lit og 95% öryggissvæði með ljósgráum.	28
22. mynd. Hrognapétteleiki laxa metinn út frá teljara í Sveðjufossi í Langá 2000 – 2019. Græna svæðið er þegar pétteleiki er ofan við hrygningarmarkmið. Gula þegar hrognapétteleiki er ofan	

við aðgerðarmörk en undir hrygningarmarkmiði, rauða milli aðgerðarmarka og varúðarmarka og gráa þegar hrygning er undir varúðarmörkum.	28
23. mynd. Meðalseiðapéttleiki sumruna af hrygningarárgöngum 1986 – 2018 hjá laxi í Langá ofan við Sveðjufoss. Græna svæðið er þegar péttleiki er ofan við péttleikamarkmið. Gula þegar péttleiki er ofan við aðgerðarmörk en undir péttleikamarkmiði, rauða milli aðgerðarmarka og varúðarmarka og gráa þegar péttleiki er undir varúðarmörkum.....	29
24. mynd. Meðalseiðapéttleiki vetrunga af hrygningarárgöngum hjá laxi árin 1986 – 2017 í Langá. Græna svæðið er þegar péttleiki er ofan við péttleikamarkmið. Gula þegar péttleiki er ofan við aðgerðarmörk en undir péttleikamarkmiði, rauða milli aðgerðarmarka og varúðarmarka og gráa þegar péttleiki er undir varúðarmörkum.....	29

Viðaukaskrá

Viðauki 1. Laxveiðin í Langá skipt í landaðan fisk (afli) og fisk sem er sleppt árin 1999 – 2019.	30
Viðauki 2. Laxveiði eftir veiðistöðum í Langá árið 2019. Staður merktur 0 merkir að veiðistaður er ekki þekktur. Staðir 1 – 10 eru frá ós að Skuggafossi; 11 – 70 eru frá Skuggafoss að Sveðjufossi; staðir 71 – 94 eru frá Sveðjufossi að Ármótafljóti og staðir 100 – 113 eru á efsta svæðinu að Langavatni.	31
Viðauki 3. Péttleiki laxaseiða (vísitala) og meðallengd eftir aldri í Langá 1986 – 2019.	32

Inngangur

Stangveiðar á laxi er verðmæt auðlind í Langá á Mýrum. Fjölmargir fossar og flúðir einkenna farveg Langár og landeigendur við ána hafa verið í fararbroddi við að auka þau svæði sem tiltæk eru til hrygningar, seiðauppeldis og veiðinýtingar á vatnasvæði árinna með byggingu fiskvega. Þannig var fiskvegur reistur við Skuggafoss 1964, sem áður var hindrun fyrir laxagöngur og árið 1968 var lokið við fiskveg framhjá Sveðjufossi, sem er 13 m að hæð (Hafðís Hauksdóttir, 1988; Þór Sigfússon, 2018). Þá voru fiskvegir gerðir við Kotafoss (1978), Tófufoss (1981) og Myrkhyl (1985) með þeim árangri að Langá öll er nú fiskgeng frá Sjávarfossi að Langavatni (1. mynd). Fyrstu rannsóknir á Langá má rekja til seiðarannsókna á vegum Veiðimálastofnunar árið 1974 en rannsóknir næstu árin miðuðu einkum að mati á árangri fiskvegagerða (Árni Ísaksson, 1985). Árleg seiðavöktun hófst í ánni árið 1986, þar sem kannaðir voru með rafveiðum sömu staðir á sama árstíma. Fundin var vísitala seiðabéttleika, meðallengd og lífmassi seiða í Langá (Sigurður Már Einarsson, Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson, 2019). Mat á búsvæðum og framleiðslugetu árinna liggur fyrir (Sigurður Már Einarsson, 2001) og með fisktalningu í Sveðjufossi (frá 2000) og í Skuggafossi (frá 2008) hafa bæst við gögn sem eru grundvöllur að mati á stærð hrygningarstofnsins. Að auki fer fram vöktun á lífssögulegum þáttum (ferskvatnsaldur, sjávaraldur, endurtekin hrygning) með skipulegri söfnun hreistursýna (frá 2001).

Árlega er rannsóknum gerð skil með skýrslum um helstu niðurstöður og veitt er ráðgjöf til veiðifélags Langár er varðar veiðinýtingu, mat á ástandi stofna og tillögum til úrbóta. Eldra útgefið efni úr þessum rannsóknum, sem ekki er sérstaklega vitnað til, er getið í sérstakri ritaskrá.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum rannsókna á árinu 2019. Auk þess eru niðurstöður vöktunarrannsókna nýttar til að setja viðmiðunarmörk hrygningar í Langá. Annars vegar eru viðmiðunarmörk sett fyrir ána í heild, þar sem byggt er á föstu veiðihlutfalli, og hins vegar fyrir svæðið ofan við Sveðjufoss, þar sem veiðihlutfall er þekkt.

Aðferðir

Stangaveiðin í Langá er skráð úr veiðibókum í rafrænan gagnagrunn (Skrínan) Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu. Í veiðibækur eru skráðar einstaklingsupplýsingar um veidda fiska, þar sem tilgreind er fisktegund og dagsetning veiðinnar, þyngd, lengd, kyn og hvort fiski var landað eða sleppt og með hvaða agni veitt var. Laxveiðinni er skipt á milli smálaxa (eitt ár í sjó) og stórlax og er þar áætlað að hrygnur, 3,5 kg og þyngri og hængar, 4,0

kg og þyngri, hafi dvalið tvö ár eða lengur í sjó (Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2019).

Veiðifélag Langár starfrækir tvo fiskteljara, sem staðsettir eru í fiskvegum við Sveðjufoss (frá árinu 2000) og Skuggafoss (frá árinu 2009) (1. mynd). Lax getur gengið upp Skuggafoss, framhjá teljaranum, einkum í lágrennsli, og er því um talningu á hluta göngunnar að ræða, en við Sveðjufoss er öll gangan skráð. Teljari við Skuggafoss var virkur frá 21. maí – 24. september, en við Sveðjufoss frá 22. maí – 7. október. Teljarabúnaði hefur áður verið lýst (Sigurður Már Einarsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir, 2011). Stuðullinn 6,0 (hæðar/lengdarstuðull) var notaður til að umreikna lengd fiska út frá hæðarmælingu (þykkt) í teljaraskráningum. Við úrvinnslu var miðað við að fiskur minni en 40 cm væri silungur, 40–70 cm smálax og stærri en 70 cm stórlax.

Alls voru myndgreind 21 hreistursýni úr Langárveiðinni 2019. Aðferðum við sýnatöku og úrvinnslu hreistursýna hefur áður verið lýst (Sigurður Már Einarsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir, 2011). Fjöldi og hlutdeild einstakra klakárganga var reiknaður í sýnaúrtakinu.

Fjöldi hrygna, bæði smálaxa og stórlaxa, var tekinn saman samkvæmt skráningu í veiðibækur árin 1974 – 2019. Við útreikninga á hrygningarstofni var gert ráð fyrir að veiðihlutfall smálaxa væri 50% og stórlaxa 70%, (Ingi Rúnar Jónsson og Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson, 2008). Aðferðum við útreikninga á hrognafjölda Langár í heild og á flatareiningu hefur áður verið ítarlega lýst (Sigurður Már Einarsson, Guðni Guðbergsson, Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Eydis Njarðardóttir, 2014). Einnig var hrognafjöldi reiknaður ofan við Sveðjufoss þar sem upplýsingar liggja fyrir um heildarfjölda göngulaxa frá árinu 2000. Gert var ráð fyrir að sama kynjahlutfall væri í veiðinni og í göngunni um teljarann. Ekki var gert ráð fyrir neinum afföllum hjá hrygnum sem sleppt var aftur.

Árleg vöktun á þéttleika, meðallengdum og lífmassa seiðaungviðis fór fram á 11 stöðum (1. mynd) dagana 20. – 21. ágúst 2019. Í Langá ná samfelldar seiðarannsóknir aftur til ársins 1986 og nær gagnaröðin því yfir 34 ára tímabil. Aðferðum við sýnatöku og úrvinnslu seiðagagna hefur áður verið lýst (Sigurður Már Einarsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir, 2011).

Samband hrygningar og nýliðunar hjá laxi var metið með samsvarandi hætti og gert var í Gljúfurá (Ásta Kristín Guðmundsdóttir, Jóhannes Guðbrandsson og Sigurður Már Einarsson, 2018). Þar var athugað samband hrognafjölda og seiðapéttleika sumruna (0+) og vetrunga (1+) sem og samband hrygningar við heildarhrognafjölda afkomenda. Notað var fall sem kennt er við Ricker til að lýsa sambandinu. Það hefur formúluna, $R = \alpha S \exp(-\beta S)$, þar sem R er fjöldi nýliða, S hrygningarstofn, α stiki sem lýsir línulegum vexti og β stiki sem lýsir þéttleikaáhrifum. Þegar hrygningin er lítil (fá hrogn) er sambandið nánast línulegt en beygir síðan af þegar

hrygning eykst þar til hámark næst þegar hrygningin er $S_{Rmax} = 1/\beta$, en eftir það minnkar hún aftur. Ricker fallið virðist henta vel til að lýsa sambandinu hjá íslenskum laxastofnum en ekki er víst að forsendan um minni nýliðun eftir að hámarki er náð standist og ekki er prófað fyrir henni hér. Samband hrygningar og nýliðunar var bæði skoðað fyrir alla ána, þar sem gert var ráð fyrir föstu veiðihlutfalli (50% fyrir smálax og 70% fyrir stórlax) við hroгнаútreikninga, og fyrir svæðið ofan við Sveðjufoss, þar sem upplýsingar úr fiskteljara við útreikninga á hrygningarstofninum voru notaðir við hroгнаútreikninga.

Niðurstöður

Stangaveiðin

Alls veiddust 656 laxar sumarið 2019 í Langá, þ. e. 583 eins árs laxar (smálaxar) og 73 tveggja ára laxar (stórlaxar). Auk lax, veiddust 72 bleikjur og 11 urriðar (tafla 1). Bleikjuveiðin var að stærstum hluta bundin við efsta svæði Langár, neðan við Langavatn, en þar er staðbundinn bleikjustofn. Sleppingar laxa (veiða og sleppa) í Langá hófust árið 1999 og frá þeim tíma hafa sleppingar laxa að meðaltali verið um 20,6% af veiðinni. Alls var 47,6% laxa sleppt í veiðinni 2019, þar af 43,1% smálaxa og 83,6% stórlaxa (tafla 1). Þetta er hæsta hlutfall laxa sem sleppt hefur verið í stangveiðinni í Langá frá upphafi (viðauki 1). Hængar voru 59% smálaxaveiðinnar en hlutdeild hrygna var 62,9% af stórlaxaveiðinni. Meðalþyngd eins árs laxa úr sjó var 2,01 kg en 5,12 kg hjá tveggja ára laxi úr sjó (tafla 2).

Laxveiðin í Langá sumarið 2019 var einungis 42% af langtíma meðalveiði í ánni (1974–2018) sem er 1.532 laxar (2. mynd). Á aðalsvæði Langár, frá Sjávarfossi að Sveðjufossi, veiddust 556 laxar eða 84,7% veiðinnar (tafla 3). Á efri hluta ársinnar frá Sveðjufossi að Langavatni veiddust 100 laxar, þar af 18 á efsta svæði ársinnar sem nær frá Heiðarfossi að Langavatni (tafla 3). Í viðauka 2 er laxveiðin árið 2019 sundurliðuð eftir einstökum veiðistöðum í ánni.

Hlutdeild smálaxa í stangveiðinni í Langá er mjög há. Stórlax var mun algengari á áttunda og níunda áratugnum en hefur fækkað mjög eins og víða annars staðar (3. mynd). Undanfarinn áratug hefur stórlaxi þó fjölgað nokkuð og veiddust 73 stórlaxar sumarið 2019, sem er um 12% af veiðinni. Marktækara er að miða fjölda og hlutdeild stórlaxa við gönguseiðaárgang og var hlutdeild stórlaxa 2019 þannig 4,5% af gönguseiðaárganginum frá 2017 (3. mynd).

Göngur um fiskteljara

Alls gengu 1.141 lax og 20 silungar upp um fiskteljarann við Skuggafoss (tafla 5; 4. mynd). Nær allur lax var genginn upp fyrir Skuggafoss í lok júlí og einungis 41 lax gekk upp fyrir teljarann í ágúst og september. Laxagangan skiptist í 983 smálaxa og 131 stórlax (tafla 5). Stærsti laxinn

sem gekk upp fyrir Skuggafoss samkvæmt stærðarmati teljara var 96 cm og gekk hann upp þann 6. júlí.

Gangan upp fyrir Sveðjufoss var alls 503 laxar, sem skiptust í 477 smálaxa og 26 stórlaxa auk 53 silunga (tafla 5, 5. mynd). Laxagöngur upp fyrir Sveðjufoss voru litlar í byrjun, en göngurnar voru mestar í júlí en þá gengu 225 laxar upp. Lítil ganga var í ágúst, en mikið af laxi gekk í september, alls 165 laxar, og gekk lax alveg fram í október (tafla 5; 5. mynd). Stærstu laxarnir sem gengu upp fyrir Sveðjufoss árið 2019 voru 85 cm að lengd og gengu þeir allir upp þann 24. júní.

Talning á göngufiski í fiskveginum við Skuggafoss hófst árið 2008 og nær því yfir 12 ára tímabil (tafla 6). Alls veiddust 604 laxar ofan við Skuggafoss árið 2019 eða 53,3% af skráðri göngu um teljarann. Þar sem lax getur gengið framhjá teljaranum eru gögn um veiðihlutfall og stofnstærð laxa ofan Skuggafoss ófullkomin. Á þessu tímabili hefur laxagangan spannað frá 806 löxum árið 2014 upp í 3.942 laxa árið 2015, en var að meðaltali 2.154 laxar. Skráning göngunnar um teljarann við Skuggafoss veitir einnig upplýsingar um göngutíma innan tímabilsins, skiptingu laxagöngunnar eftir sjávaraldri og stærð einstakra fiska.

Talning á laxfiskum upp fyrir fiskveginn við Sveðjufoss hófst árið 2000, en þar fer öll ganga um fiskveginn. Því er nú til 20 ára gagnaröð sem gefur upplýsingar um stofnstærð, veiðihlutfall, stærð fiska auk tímasetningu göngunnar (tafla 7). Árið 2019 gengu 503 laxar upp fyrir Sveðjufoss og af þeim veiddust 100 laxar, sem þýðir að veiðihlutfall var 19,9% af göngunni, þar af 19,5% af smálaxagöngunni og 26,9% af stórlaxagöngunni (tafla 7). Veiðihlutfallið á tímabilinu var að meðaltali 37,7% en hefur sveiflast frá 19,9% þegar minnst var árið 2019 upp í 58,5% göngunnar þegar mest var árið 2002. Undanfarin 5 ár hefur veiðihlutfall laxa ofan Sveðju verið á bilinu 19,9 – 28,1% sem er lægra hlutfall í veiði en áður hefur mælst við sambærilega stærð á laxagöngum upp á efra svæðið (6. mynd).

Hrygning laxa

Hrognafjöldi laxa í Langá haustið 2019 var áætlaður 1,8 milljónir hrognar ($1,72 \text{ hrogn/m}^2$) (7. mynd). Frá 1974 hefur hrognafjöldinn í Langá verið áætlaður að meðaltali 4,5 milljónir hrognar ($4,8 \text{ hrogn/m}^2$). Hrognafjöldinn árið 2019 er því 36% að meðalhrognafjölda í Langá (7. mynd). Haustið 2014 mældist hrognafjöldinn svipaður í Langá og er hrygningin þessi 2 ár sú lægsta á fyrrnefndu tímabili. Einnig var hrognafjöldinn á svæðinu frá Sveðjufossi að Langavatni reiknaður fyrir tímabilið 2000 – 2019 en veiðihlutfall er þekkt á þessu svæði (8. mynd). Haustið 2019 var metið að 192,4 smálaxahrygnur og 15,7 stórlaxahrygnur væru eftir til hrygningar að veiðitíma loknum og var hrognafjöldinn reiknaður alls 1.228.925 hrogn eða $3,03 \text{ hrogn/m}^2$. Haustið 2014 var hrygningin metin einungis 419.703 hrogn eða $1,03 \text{ hrogn/m}^2$ (8. mynd) og er það minnsta hrygning ofan Sveðjufoss á þessu tímabili en hrognafjöldi á ári var $4,83 \text{ hrogn/m}^2$

að meðaltali. Lökustu hrygningarárin voru 2000 – 2002, 2012 og 2014. Samanburður á hrognafjölda út frá teljara og ef gert er ráð fyrir 50% veiðihlutfalli á smálaxi og 70% á stórlaxi sýnir að fast veiðihlutfall vanmetur yfirleitt hrognafjölda ofan við Sveðjufoss. Það er einungis árið 2002 þar sem fast veiðihlutfall ofmetur hrognafjölda (8. mynd). Síðustu 5 ár hefur hrognafjöldi verið mun meiri en veiðitölur gefa til kynna enda hefur veiðihlutfallið verið lágt (tafla 7).

Hreisturathuganir

Alls voru myndgreind 21 hreistursýni af laxi úr stangveiðinni í Langá sumarið 2019 sem er 3,2% af stangaveiðinni. Af þessum fjölda voru 18 sýni af laxi sem var að ganga í fyrsta sinn til hrygningar (tafla 8). Ferskvatnsaldur laxanna var 2 – 4 ár og voru allir laxarnir af náttúrulegum uppruna. Þriggja ára ferskvatnsaldur var algengastur (61,1%) en næst komu laxar með fjögurra ára ferskvatnsdöl og var samhlöð hlutdeild þeirra 94,4% hjá laxi sem var að ganga í fyrsta sinn í ána (tafla 8). Einnig komu fram 3 laxar sem voru að ganga í annað sinn til hrygningar (tafla 9). Laxarnir voru allir á bilinu 50 – 62 cm að lengd og sýndu allir merki um stutta sjávardöl á annarri sjóferð sinni. Í veiðigögnum greinast slíkir laxar sem eins árs lax í sjó (smálax). Gönguseiðaaldur laxa af náttúrulegum uppruna var að meðaltali 3,33 ár ($n=21$, $sf=0,58$).

Laxveiðin í Langá árið 2019 samanstóð af klakárgöngum 2013 – 2016. Hlutdeild laxa sem áður höfðu hrygnt var 14,3% sem er óvenjulega hátt. Klakárgangar frá 2014 og 2015 voru alls með 80,6% hlutdeild (tafla 10). Fjöldi hreistursýna úr veiðinni 2019 var lítill og gefur sennilega ekki marktæka mynd af veiðinni 2019. Árið 2020 munu endurheimtur laxa í Langá byggja mest á klakárgöngum frá 2015 og 2016.

Seiðarannsóknir

Í seiðarannsóknum 20. – 21. ágúst 2019 veiddust 1.113 laxaseiði (tafla 12) og var heildarseiðavísitala þeirra 76,7 seiði/100 m². Bleikjuseiði, urriðaseiði og hornsíli komu einnig fyrir en samhlöð hlutdeild þeirra var einungis 0,4 seiði/100 m² (tafla 11).. Laxaseiðin voru af fjórum aldurshópum frá 0+ – 3+. Seiðavísitala vorgamalla seiða (0+) var 39,3 seiði/100 m² og reyndist sú þriðja hæsta frá upphafi mælinga í Langá (8. mynd). Af árgömulum seiðum (1+) mældust 24,6 seiði/100 m² sem er langt yfir langtíma meðaltali (8. mynd). Þéttleiki tveggja ára seiða var 12,2 seiði/100 m² og var seiðavísitala þeirra einnig langt yfir langtíma meðaltali (9. mynd). Meðallengdir laxaseiða mældust eftirfarandi; 3,5 cm á fyrsta ári, 5,3 cm á öðru ári, 7,7 cm á þriðja ári og 9,9 cm á fjórða ári (tafla 12). Vöxtur seiða á fyrsta ári var lítill undir langtíma meðaltali (10. mynd), en meðallengdir laxaseiða á öðru og þriðja ári eru með þeim slökustu um árabíl (10. mynd). Holdastuðull laxaseiða var að meðaltali 1,09 ($n=946$, $sf=0,13$) (tafla 13). Vísitala seiðalífmassa mældist 123,5 g/100m², langt yfir meðaltali

tímabilsins 1986 – 2018 (11. mynd). Í viðauka 3 koma fram árlegar vöktunarmælingar í Langá, á þéttleika og meðallengdum seiða í einstökum aldurshópum.

Samband hrygningar og nýliðunar

Þegar litið er á hrognafjölda og seiðapéttleika sumruna (0+) ári seinna fæst ágætis samband (12. mynd). Sambandið er þó brattara en línulegt samband sem gæti bent til vanmats á hrognafjölda þegar laxagöngur eru stórar, en sýnt hefur verið að veiðihlutfallið er lægra þegar gangan er mikil (6. mynd). Samband hrygningar og þéttleika vetrunga (1+, 13. mynd) og hrognafjölda afkomenda (14. mynd) er einnig gott. Gott samræmi er í mati á þéttleika sama árgangs á fyrsta og öðru ári (15. mynd, 0+ vs 1+) og skýr þéttleikaháð afföll virðast koma fram. Hámarksnýliðun var metin við 7,96 hrogn/m² þegar nýliðun er metin í þéttleika vetrunga með tveggja skrefa aðferð, en 8,29 þegar nýliðun er metin í hrognafjölda afkomenda (tafla 14). Hámarksafrakstur fæst við 4,54 hrogn/m². Því er lagt til að hrygningarmarkmið fyrir Langá verði 8 hrogn/m² og aðgerðarmörk við 4,87 hrogn/m² (tafla 15). Miðað við fast veiðihlutfall hefur Langá frá 1974 verið fjórum sinnum yfir hrygningarmarkmiði, 13 sinnum milli hrygningarmarkmiðs og aðgerðarmarka, 27 sinnum milli aðgerðarmarka og varúðarmarka og tvisvar sinnum undir varúðarmörkum (16. mynd). Seinustu 10 ár hefur hrognapéttleiki tvisvar verið undir varúðarmörkum (2014 og 2019), fjórum sinnum milli varúðarmarka og aðgerðarmarka og fjórum sinnum milli aðgerðarmarka og hrygningarmarkmiðs. Út frá sambandi sumruna og vetrunga er hægt að skilgreina þéttleikamarkmið fyrir seiðapéttleika. Mat á þeim þéttleika sumruna sem gefur hámarksþéttleika vetrunga er 28,51 seiði/100m² og fræðilegur meðalhámarksþéttleiki vetrunga 24,82 seiði/100m² (tafla 14). Seiðapéttleiki gefur töluvert aðra mynd af ástandi laxastofnsins seinustu ár ef þéttleikamarkmið sumruna er sett við 28 seiði/100m² og “aðgerðamörk” skilgreind út frá þeim þéttleika sem gefur 90% af hámarksnýliðun sem eru 17 seiði/100m² (17. mynd). Á sama hátt má skilgreina þéttleikamarkmið fyrir vetrunga sem 24,5 seiði/100m² og aðgerðarmörk sem 14,9 seiði/100m² (18. mynd). Seiðapéttleiki tók mikinn kipp eftir síðustu aldamót og virðast einungis hrygningarárgangar frá 2012 og 2014 hafa verið slakir.

Ofan við Sveðjufoss er til mun áreiðanlegra mat á hrognapéttleika og því var samband hrygningar og seiðapéttleika skoðað sérstaklega þar. Hrygning sýnir gott samband við seiðapéttleika sumruna (19. mynd) og vetrunga (20. mynd) og gott samræmi er í þéttleikamati sama árgangs og skýr þéttleikaáhrif til staðar (21. mynd). Sú hrygning sem gefur hámarksnýliðun vetrunga var metin 6,54 hrogn/m² með beinu sambandi og 5,16 hrogn/m² með tveggja skrefa aðferð (tafla 16). Því er lagt til að hrygningarmarkmið ofan við Sveðju verði 6 hrogn/m², aðgerðamörk við 3,65 hrogn/m² og varúðarmörk við 1,39 hrogn/m² (tafla 17). Síðan talningar hófust í Sveðjufossi hefur hrygning einu sinni farið undir varúðarmörk (2014),

fimm sinnum verið á milli varúðar- og aðgerðarmarkna (2000–2002, 2012 og 2019) en annars yfir aðgerðarmörkum (22. mynd). Seiðapéttleiki er í nokkuð góðu samræmi við þær niðurstöður fyrir utan að árgangar 2000 – 2002 koma vel út í seiðaathugunum og lágur þéttleiki mælist á hrygningarárgöngum 2005 og 2009 sem vetrungar (23. og 24. mynd). Seiðatölur benda til að fram að aldamótum hafi hrygning ekki verið nægjanleg til að fullnýta búsvæði til laxaframleiðslu (24. mynd).

Umræður

Laxveiðin í Langá á Mýrum var afar slök sumarið 2019, einungis rúmlega 40% af langtíma meðalveiði. Undanfarinn áratug hafa miklar sveiflur átt sér stað í laxveiðinni hérlandis, þar sem komið hafa fram mjög slök veiðiár eins og 2012, 2014 og 2019, en inn á milli hefur veiði verið mjög góð eins og árin 2013 og 2015. Í öllum meginatriðum hafa þessar sveiflur komið fram annars staðar á Suður- og Vesturlandi. Bráðabirgðatölur um stangveiði á villtum laxi á Íslandi árið 2019 sýna þannig að veiðin er áætluð sú minnsta frá því skráning veiðinnar hófst í rafrænan gagnagrunn (Hafrannsóknastofnun, 2019). Laxagöngur og veiði hverju sinni eru afar breytilegar, en tveir meginþættir hafa þar mest áhrif, þ.e. breytileg framleiðsla á gönguseiðum og breytileg afföll á dvalartíma seiðanna í sjávardvöl þeirra.

Vöktunarrannsóknir hafa farið fram á Langá árlega frá árinu 1986. Þar hefur m.a. komið fram að klakárgangurinn frá 2015 mældist mjög slakur, en sá árgangur er frá hrygningarárinu 2014 en þá var mjög slök veiði í Langá. Á þessum grundvelli var talið líklegt að von væri á lægð í laxveiðinni í Langá sumarið 2019 (Sigurður Már Einarsson, Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson, 2019). Í Langá er eins árs lax úr sjó ríkjandi sem getur valdið mikilli sveiflu í göngu og veiði milli ára, þar sem tveir seiðaárgangar eru ráðandi í göngunni hverju sinni, en klakárgangarnir frá 2014 og 2015 voru með yfir 80% hlutdeild 2019.

Veðurfar sumarið 2019 var einnig afar sérstakt af völdum langvarandi þurrka, þar sem nær ekkert rigndi frá miðjum maí til ágústloka. Einnig var sumarið sólríkt, einkum fyrri hluta sumars og vatnshiti náði 17 – 19°C á hlýjustu dögum sumarsins. Veiðiaðstæður þykja erfiðar við slík skilyrði og þótt Langá njóti miðlunar úr Langavatni til að auka vatnsrennsli í ánni, gætu þessi erfiðu skilyrði hafa lækkað veiðihlutfallið í stangaveiði á þeim laxi sem gekk í ána. Þannig mældist veiðihlutfallið hjá laxi fyrir ofan Sveðjufoss í Langá einungis um 20% sem er það lægsta sem mælst hefur á því svæði undanfarna tvo áratugi. Árin 2000 – 2002, 2012 og 2014 þegar laxagöngur upp fyrir Sveðjufoss voru svipaðar að fjölda til, var veiðihlutfallið hins vegar mun hærra eða frá 47 – 58%. Undanfarin ár hafa verið gerðar breytingar á veiðistjórnun í Langá, þar sem veiðar á flugu er eina leyfða veiðiaðferðin og er veiðihlutfallið mun lægra frá því

breytingin tók gildi. Veiðihlutfallið í Langá sumarið 2019 kann því að hafa lækkað miðað við fyrri tíð og veiðitölur vegna sumarsins 2019 ekki að öllu leyti sambærilegar við fyrri tölur.

